

Leikskólinn Berg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð aðstoðarleikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
3 Innra mat deilda	6
Greinargerð deildarstjóra Álfasteins	6
Greinargerð deildarstjóra Dvergasteins	10
4 Mat á sérkennslu 2020-2021	13
5 Innra mat – fjöltyngd börn	14
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	15
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	15
8 Foreldrasamvinna	17
9 Leikskóladagatal 2021-2022 og skipulagsdagar (gulir)	18
10 Fylgigögn	19
10.1 Umsögn foreldraráðs	19



Leiðarljós leikskólans

Virðing – samvinna – metnaður

1 Greinargerð aðstoðarleikskólastjóra

Ágústmánudur fór að mestu leyti í aðlögun nýrra barna og starfsfólks að klára sumarfríin sín. Í lok ágústmánaðar voru allir starfsmenn komnir til vinnu uppfyllir af krafti að hefja skólaárið. Áherslur okkar voru eins og fram kom í síðustu starfsáætlun, málörvun, félagsfærni, sköpun og menningu. Starfsmannahópurinn var að mestu leyti sá sami og áður. Ánægjulegt er að segja frá því að þrír starfsmenn leikskólans eru í leikskólakennaranámi. Það er því mikill metnaður sem einkennir hópinn. Fljótlega fór þó Covid að setja strik í reikninginn með margt sem við höfðum á þrjónunum og veturinn einkenndist af því að reyna forðast að fá veiruna inn í hús. Foreldrar hafa lítið komið inn í leikskólann síðastliðið ár, elstu börnin hafa ekki farið í eins margar ferðir og fyrirhugaðar voru og færri ferðir í grunnskólann en efni stóðu til. Það sama gildir með grunnskólabörnin, þau hafa lítið heimsótt okkur. Húsinu hefur verið skipt upp í svæði til að forðast smit milli barna og starfsfólks, dóti raðað niður á daga og húsið sprittað hátt og lágt alla daga.

Við stefndum á að innleiða námsleiðina „Leikur að læra“, síðastliðið skólaár en því miður gekk það ekki allveg eftir vegna Covid. Kennarinn gat lítið komið til okkar þannig að við eru bara búin að stíga fyrstu skrefin í innleiðingunni. En vonandi getum við haldið þeirri vinnu áfram á næsta skólaári. Vinna með vináttuverkefni Blæ hefur gengið vel hjá okkur í vetur og það sama má segja um Lubba verkefni. Það hefur verið mikil lestarmenning í leikskólanum enda eitt af áhersluatriðum okkar í starfsáætlun. Við vorum reglulega með svokallaðan lestarorm, en það er ormur búinn til úr pappírshringjum þar sem foreldrar skrifa nöfn bókanna sem þeir lesa fyrir börnin sín. Auk þess að lesa mikið er mikil tónlistarmenning í húsinu, sungið hátt og snjallt alla daga.

Við fórum á sex vikna námskeið á vegum Myndlistarskóla Íslands þar sem börn og kennarar lærðu nýja hluti í listsköpun. Það skilaði sér vel í leikskólann með góðum skráningum svo aðrir kennarar höfðu greiðan aðgang að nýjum verkefnum tengdum sköpun.

Leikskólinn Berg er Grænfána leikskóli. Við flöguðum fánanum í fjórða sinn vorið 2020. Það þema sem unnið er með núna er hnattrænt jafnrétti. Þetta þema samræmist vel vinnu okkar í lýðræði og Barnasáttmálanum.

Okkur tókst að endurnýja húsgögn og skiptiaðstöðu á yngri deildinni. Núna eru húsgögn og búnaður hannaður að aldri barnanna sem þar dvelja sem er mjög ánægjulegt. Skiptiaðstaðan var líka öll tekin í gegn, nýtt skiptiborð keypt sem einfaldar alla vinnu fyrir starfsfólk.

Á eldri deildinni var keypt upphengt borð sem gefur möguleika á að nýta gólfplássið betur en áður í skipulögðum eða frjálsum leik. Borðið er tekið niður á matartímum eða þegar fínhyfingavinnan er í gangi. Til að stúka deildinna betur af voru líka keypt skilrúm.

Mikil og góð samvinna er á milli leikskólans, grunnskólans og frísundarinnar á Klébergi. Á komandi starfsári munum við skrá þessa vinnu betur niður þannig hún verði sýnilegri fyrir alla sem koma að skólunum.

Þetta skólaár er að mörgu leyti búið að vera skrítið og erfitt. Foreldrar hafa lítið komið inn í leikskólann og mörg plön hjá okkur farið fyrir lítið vegna Covid. En vonandi er þetta allt að verða að baki og skemmtilegri tímar framundan.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfskönnun starfsmanna á vormánuðum 2021	Með spurninga-könnun í tölvupósti	Starfsfólk leikskólans, fjöldi svara 10	Almennt kom könnunin vel út, starfsánægja var 4,45 og meðalskor allra þátta 4,28.
Bæta ímynd leikskólans			Áskorun: Var í könnun 4,3 en við viljum ná 4,5.
Faglegt starf, af hverju við gerum hlutina og hvernig			Áskorun: Meiri fróðleikur til stafsólks. Búin til námskrá og markmið hvers aldurs sett á heimasíðuna.
Vinnuálag			Áskorun: Hvernig getum við minnkað / dreift vinnuálagi.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfskönnun foreldra á vormánuðum 2021	Með spurninga-könnun í tölvupósti	Foreldrar barna í leikskólanum, svarhlutfall 88,2 %	Almennt kom könnunin vel út, heildaránægja foreldra var 4,28.
Barnið og starfið			Leikskólinn er í meðaltali.
Stjórnun og stefna			Áskorun: Þarf að skerpa betur á stefnu leikskólans.
Upplifun foreldra á leikskólanum			Áskorun: Halda áfram að vinna með viðmót og andrúmsloft.
Foreldrar og starfið			Áskorun: Bæta foreldrasamvinnu. Foreldrar geti tekið meiri þátt í að móta starfið.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stefna skólans							
Kynna stefnu skólans fyrir foreldrum		Með tölvupósti, fundum og veggspjöldum	Aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og starfsfólk	September 2021	Maí 2022	Með viðtölum og spurningakönnunum til foreldra	Að foreldrar séu almennt meðvitaðir um stefnu skólans
Uppeldis- og menntastarf							
		Búa til nákvæmari skólanámskrá fyrir Berg	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar	September 2021	Maí 2022	Með skráningum og endurmati reglulega	Að starfsmenn þekki börnin betur. Markvissari kennsla.
Foreldrasamvinna							
		Foreldrar taki meiri þátt í starfinu	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar	September 2021	Maí 2022	Tölvupóstur, fundir, hugmyndakassi, foreldraviðtöl	Að foreldrar fái að vera meiri þátttakendur í leikskólastarfinu og fái betri upplýsingar.
Leikskólabragur							
		Bæta samskipti og viðmót starfsfólks til hvers annars og til foreldra	Allir bera ábyrgð, aðstoðarleikskólastjóri fylgir eftir	September 2021	Maí 2022	Fræðsla til starfsfólks. Fundir og umræður	Að vingjarnlegt og hjálpamt andrúmsloft sé í leikskólanum.

3 Innra mat deilda

Greinagerð deildarstjóra Álfasteins

Hópastarfið skólaárið 2020-2021 var aldursskipt, þrír hópar með sinn hópstjóra. Skólahópur (elstu börnin), Tröllahópur (miðjuhópurinn) og Álfahópur (yngsti hópurinn).

Skólahópur:

Félagsfærni: Lagt var upp með að vinna vikulega með félagsfærniþætti bæði inni og úti. Leikir frá Blæ og öðrum stöðum voru notaðir. Reglulegar umræður voru um tilfinningar, bæði manns eigin og annarra. Einnig var vinanudd mikið notað og rólegar samræður í lok hvers einasta hópátíma.



Niðurstöður: Félagsfærniþættirnir komu rosalega vel út, bæði hvað varðar skemmtun og árangur. Mögulega hefði mátt vinna meira með umræður um tilfinningar en leikirnir voru meira notaðir.

Málörvun: Mikið var unnið með tónlist og texta. Lagt var upp með að börnin færu einu sinni í viku upp í Klébergsskóla í tónmenntatíma með fyrsta bekk, covid ástandið kom þó oft í veg fyrir það. Einu sinni í viku var unnið með stafi, læsi og skrift gegnum námsleiðina Leikur að læra. Lubbi var líka notaður í þeim tilgangi. Framhaldssaga var lesin í hverjum hvíldartíma og þulur, vísur og orðaleikir við matarborð.

Niðurstöður: Vel gekk að vinna í gegnum Leikur að læra og krakkarnir duglegir að læra texta. Það hefði mátt samræma betur stafina sem notaðir voru í samverustundum við hópastarfið.

Sköpun og menning: Einu sinni í viku var þema tekið í samræmi við Grænánaverkefnið sem var Hnattraent jafnrétti. Mismunandi heimshlutar voru þá teknir fyrir mánaðarlega og meðal annars lært um lífnaðarhætti barna á öðrum stöðum í heiminum. Horft var á myndbönd og google maps var mikið notað. Mikið unnið með grunnþarfir manna og hugtökin; Vatn, Matur, Ást, Húsnæði.

Niðurstöður: Krökkunum fannst mjög gaman að sjá og læra um framandi lífnaðarhætti. Það gekk vel gekk að fjalla um og læra um grunnþarfir fólks. Það sem sat á hakanum þetta árið var myndlistarsköpun og föndur í hópastarfi og fór tíminn meira í umræður og kennslu.

Tröllahópur:

Félagsfærni: Markmið voru sett um að kenna þeim helstu gildin um vináttuna, tillitssemi og kærleik. Búið var til vináttutré, vináttublóm, vináttuband og lesið um vináttuna. Blær var það verkefnið sem helst var notað og hugtök eins og virðing og samúð voru sérstaklega tekin fyrir. Þeim var kennt að hugsa vel um bangsann sinn, börnin teiknuðu vinamyndir, lærðum söngva um vináttuna og gerðum slakandi vinanudd og æfðum slökun í lok hvers hóptíma. Unnið var einnig mikið með leiki, bæði hópeflis- og kappleiki. Þar sem börnin æfðu sig í að læra á mátt samvinnu, að tapa, og vinna, samgleðjast svo eitthvað sé nefnt. Bína bálreiða var svo notuð til að kenna þeim almennar reglur leikskólans og sjálfstjórn. Reynt að vinna með hana einu sinni í viku og myndir voru hengdar upp til áminningar.

Niðurstöður: Vináttuverkefnið Blær gekk vel þótt alltaf megi gott bæta. Í síðustu starfsáætlun settum við okkur það markmið að innleiða félagsfærni betur og nota hugmyndafræði Blæ bangsa að hjálpa okkur í þeirri vinnu. Við náðum markmiðum okkar og mun markvissari vinna er núna í húsinu í félagsfærni og kennarar komnir með betra sjálfstraust í Blæ vinnu.

Málörvun: „Lubbi finnur málbein“ var tekið fyrir í samverustundum en þess á milli var Tröllahópurinn að fara aftur yfir stafina sem kenndir voru í samverustundum og lékum við okkur með það á ýmsan hátt m.a. með kennsluaðferðum „Leikur að læra“. Markmiðið var að kenna þeim öllum að skrifa nafnið sitt og eru þau öll komin á gott skrið með það. Mikið var sungið í samverustundum og áhersla á að læra ný lög. Við reynum að tala mikið við börnin og gefst oft góður tími í það á morgnanna þegar börnin eru að koma í leikskólann. Þössum okkur á að setja orð á allar athafnir. Við matarborðið er alltaf farið með vísur, þulur, rím, andheiti eða samheiti og hefur það gengið vel.

Niðurstöður: Gengið hefur vel að kenna þeim stafi og skrifa nafnið sitt. Þulurnar, vísurnar og rímið hefur líka gengið vel við matarborðið.

Sköpun og menning: Tónlist er stór hluti af menningunni hér á Bergi og er a.m.k. ein söngstund á dag í samverustundum og fjöldinn allur af allskonar lögum er sunginn yfir allt árið. Myndlist og föndur hefur svo verið í höndum hópstjóra. Fuglabema var sett í gang eftir áramót. Og voru allskonar fuglar föndraðir og málaðir og samhliða var kennsla um helstu einkenni og lifnaðarhætti hvers fugls. Einnig voru allskonar föndur og myndlistarverkefni gerð í sambandi við bolludag, sprengidag, þorrann, jól og páska.

Niðurstöður: Sköpunin gengið vel, þau hafa fengið fyrirmyndir sem þau eru að æfa sig að teikna eftir. Mikið föndrað og þau hafa fengið tækifæri á að æfa sig með pappamassa, búa til alls kyns fugla, mikið teiknað, perlað og skapað á alls kyns hátt. Mættum taka fyrir fleiri þjóðsögur, skerpa á þjóðsöngnum, kenna þeim að gera íslenska fánann. Einnig mættum við tala meira um og læra um uppruna okkar Íslendinga.



Álfahópur:

Málörvun: Lubbi finnur málbein og Bína bálreiða eru bækurnar sem eru mikið notaðar. Með þeim eru við að læra hljóð og stafi, lærum hvernig við eigum að haga okkur, hvernig á að skiptast á og bíða. Litirnir, dýrin, fyrsti stafi barnanna og hugtök hefur kennt með leikur að læra kennsluaðferðinni. Í samverustundum er mikið um söngva og hafa þau lært ótal söngva og vísur. Vikudagar, mánuðurinn, árstíðin og árið hefur verið kennt og á hverjum degi er farið yfir það hvaða vikudagur og hvaða mánaðardagur er. Flest kunna hvað þau heita fullu nafni og hvenær þau eiga afmæli.

Niðurstaða: Málörvun hefur gengið mjög vel. Við bættum við málörvunartímum þar sem börn fara í hópnum í stutta málörvun vikulega, sum daglega og hefur það gengið vel. Áhersla hefur verið lögð á að setja orð á allar athafnir. Við gætum bætt okkur í að lesa meira af einföldum bókum með skýrum myndum.

Félagsfærni: Bína og Blær eru helstu verkfærin sem notuð er við félagsfærni. Þar hefur hópurinn æft sig í tillitssemi og virðingu og rætt um tilfinningar og hugtök eins og t.d. fyrirgefning og þolinmæði æfð og kennd. Reglulega var farið í félagsfærni leiki eins og stoppdans, hver er undir teppinu og í grænni lautu svo eitthvað sé nefnt

Niðurstaða: Endurtekningin er það sem skiptir máli og sérstaklega með þennan aldur. Oft var sama sagan lesin upp og gekk það vel. Einnig gekk vel að fara yfir og ræða samskiptin.

Sköpun og menning: Í hópastarfinu hefur verið æft klippa, líma og lita og þannig reynt að sameina fínhyrtingaæfingar og listsköpun. Einnig var farið að kenna þeim nokkra fugla úr nærumhverfinu okkar, hvað þeir borða og hlusta á hljóð fuglanna.

Niðurstaða: Gekk nokkuð vel. Mætti bæta við meiri fjölbreytni í listsköpun.



Innra mat Álfasteins

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sköpun	Markvissari sköpun sem tengd er þeim sem unnið er með	Í hópastarfi	Hópstjórar	Sept. 2021	Maí 2022	Skráningar sem fylgja verkefnum	Börnin geri eitt til tvö verkefni tengd þeim
Barnasáttmáli	Kynna Barnasáttmálann grein 2, 3, 6, 12, 24, 28 og 29	Setja inn í námskrá hvernig unnið skuli með Barnasáttmálann	Hópstjórar	Sept. 2021	Maí 2022	Skráningar	Börn þekki lágmarksréttindi allra barna
Menning	Menning á Íslandi, menning í öðrum löndum	Setja inn í námskrá, endum með menningarviku	Hópstjórar og aðstoðarleik-skólastjóri	Sept. 2021	Maí 2022	Skráningar	Börn þekki helstu menningu á Íslandi og þeim löndum sem börnin á leikskólanum eru frá
Grænfáninn Hnattrænt jafnrétti	Unnið með Barnasáttmálanum	Verkefni	Hópstjórar og aðstoðarleik-skólastjóri	Sept. 2021	Mái 2022	Skráningar Verkefna vinna	Börn þekki lágmarksréttindi allra barna

Greinagerð deildarstjóra Dvergasteins

Málörvun

Við settum okkur það markmið fyrir áramót að vinna betur með *Lubbi finnur málbein*, koma því inn í hópastarf, þar sem hver stafur hefur sína vísu og sína hreyfingu sem við æfum með. Það höfum við gert með góðum árangri í samverunni fyrir hádegismat með börnunum og taka þau virkan þátt. Í samveru höfum við einnig verið að lesa bók og nota loðtöflusögur þar sem sama sagan er endurtekin nokkrum sinnum með áherslu á nýtt orð hverju sinni, með því eykst orðaforði barnanna og skilningur. Í samveru syngjum við líka mikið ásamt því að fara í allskyns leiki eins og hlustað á hljóðið og myndabingó. Við notum útsýnið út um gluggana til þess að skapa umræður því það er margt að sjá t.d. bíla, skip, sjóinn, fjöruna, fuglana, köngulær, flugur og annað dýralíf. Við leggjum mikla áherslu á að vera í hæð barnanna þegar við tölum við þau og setjum orð á allar athafnir yfir daginn.

Mikið hópastarf hefur verið unnið í vetur, þar sem hver hópstjóri sér um sinn hóp í málörvun, fín- og grófhreyfingum og sköpun og list. Eins og fram hefur komið þá lesum við mikið fyrir börnin, bæði í samveru fyrir mat og svo í lok dags og finnst okkur mjög mikilvægt að ná svona góðri ró rétt áður en börnin fara heim. Vegna ungs aldurs flestra barnanna, hefur reynst örlítið erfiðara að ná þeim í ró með lestri í lok dags, en við stefnum á að taka það aftur upp næsta vetur. Svo snýst starfið mikið um síendurtekna þjálfun í að sitja og hlusta.

Eftir áramót fór starfið rólega af stað í janúar vegna mannabreytinga en þegar hópurinn var orðinn aðeins stálpaðri, öll aðlögun búin og nýir hópstjórar búnir að setja sig inn í starfið, þá gekk starfið með Lubba betur. Enn bar á því að við þurftum að vinna við ákveðnar takmarkanir vegna Covid en það gekk vel því börnin orðin ýmsu vön. Við tókum Lubba inn í samverustundina frekar en hópastarfið. Í hópastarfinu var farið að vinna sérstaklega með elsta hópinn, að þjálfu þau við matarborð og í fataklefa. Í hópastarfinu er lögð sérstök áhersla á málörvun með söng, sögum og Lubba.

Niðurstöður: Börnunum þykir gaman að fara í samveru þegar mikið er um að vera og alltaf eitthvað spennandi á hverjum degi. Framfarir hafa verið hjá börnunum í málþroska og fer þeim stöðugt fram. Okkur fannst líka aðdáunarvert að sjá hversu vel börnin tóku því breytta umhverfi sem við höfum búið við að mörgu leyti í samkomubanninu. Við ætlum að halda áfram með þetta góða starf á næsta ári og sjá þá enn meiri framfarir.



Félagsfærni

Við settum okkur líka það markmið að vinna betur með vináttuverkefnið Blæ í daglegu starfi hjá okkur, æfa okkur í að leika saman, skiptast á og hjálpast að. Í anda þess höfum við lagt áherslu á kurteisi, að segja „já takk“, „nei takk“, „takk fyrir mig“ og „má ég fá meira“. Einnig höfum við verið að fara inn í leikinn með börnunum til þess að hjálpa þeim og leiðrétta þau með það hvernig þau koma fram við hvert annað. Kenna þeim að skiptast á og leika saman. Eins og með Lubba, þá tókum við Blæ fyrir í samverustundinni og eftir sumarfrí fram að áramótum tókum við svolítið Bínu bálreiðu og lögðum sérstaka áherslu á að sitja kyrr, bíða og hlusta.

Niðurstöður: Börnin voru fljót að læra nei takk og já takk og í hvaða aðstæðum þau ættu að nota það. Við erum farin að vinna mikið með vináttuverkefnið Blæ, en alltaf má gera betur. Börnin átta sig á og

eru búin að læra að skiptast á með dótið og ekki að vera endalaust að rífa af hvert öðru. Starfsfólkið er líka sjálft að æfa sig og prófa sig áfram með Blæ, finna nýjar og áhugaverðar leiðir til að kenna og leiðbeina börnunum og gengur það mjög vel.

Sköpun og list

Í vetur höfðum við sama háttinn á og síðasta vetur, börnunum er skipt í hópa með hópstjóra, hver hópstjóri sér um allt sem snýr að sínum hóp, eins og málörvun, fín- og grófhreyfingar og síðast en ekki síst sköpun og list. Í ár höfðum við þann háttinn á að einn hópstjóri valdi verkefnið þá vikuna og svo útfærði hver hópstjóri það fyrir sinn hóp, þannig að öll börnin unnu að sama verkefninu. Útkoman varð hins vegar mjög fjölbreytt og skemmtileg vegna þess að hópstjórar höfðu mismunandi nálgun. Þessi vinna er líka stanslaust í endurskoðun enda er starfsfólkið á deildinni mjög hugmyndaríkt og skipandi.

Niðurstöður: Börnin hafa mjög gaman af því að skapa og mála, og skemmtilegast þykir þeim að vinna með mismunandi efnivið. Þau tóku öll virkan þátt og var gaman að fylgjast með starfsfólkinu sem hafði alveg jafngaman af því að koma með hugmyndir að því hvað hægt væri að láta börnin gera, og hægt var að sjá suma einstaklinga blómstra í þessu umhverfi. Eftir börnin liggja mörg og fjölbreytt listaverk og stefnum við á að hafa sama háttinn á næsta vetur.



Innra mat Dvergasteins

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sköpun	Markvissari sköpun sem tengd er þemum sem unnið er með	Í hópastarfi	Hópstjórar	Sept. 2021	Maí 2022	Skráningar sem fylgja verkefnum	Börnin geri eitt til tvö verkefni tengd þemum
Barnasáttmáli	Kynna Barnasáttmálann grein 2, 3, 6, 12, 24, 28 og 29	Setja inn í námskrá hvernig unnið skuli með Barnasáttmálann	Hópstjórar	Sept 2021	Maí 2022	Skráningar	Börn viti hverjir búa á heimilinu, nöfn þeirra
Menning	Menning á Íslandi, menning í öðrum löndum	Setja inn í námskrá, endum með menningarviku	Hópstjórar og aðstoðarleikskólastjóri	Sept. 2021	Maí 2022	Skráningar	Vinna verkefni sem tengjast menningu Íslands og þeirra landa sem börn á deildinni eru frá
Grænfáni Hnattrænt jafnrétti	Unnið með Barnasáttmálanum	Verkefni	Hópstjórar og aðstoðarleikskólastjóri	Sept 2021	Maí 2022	Skráningar Verkefna vinna	Börn viti um fjölskyldu sína og heimili

4 Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Við vinnum eftir hugmyndafræði Teacch þar sem myndir eru notaðar til að hjálpa sérkennslubörnum. Þau fá einstaklingsnámskrá, fara í skipulagðar vinnustundir bæði ein og með vinum. Þjálfun og kennsla fór fram í flestum stundum leikskólans.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Allt framangreint.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	AEPS og TRAS var keypt. Námsefni sem skólinn á og verkefni sem búin voru til innan skólans

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla sjálfstæða vinnu	Daglega	Minna á	Sérkennslu- stjóri	Ágúst 2021	Maí 2022	Skráningar	Daglega



13

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á vinnu við málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Laun stuðningsaðila
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Málörvunarhópar sem fara tvisvar í viku í markvissa málörvun. Aðra daga er unnið inn á deild með hópinn ásamt öðrum börnum í ýmsu sem eykur orðaforða og skilning.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Setningar og orðatiltæki útskýrð í lestarstundum. Leikrit og myndir notaðar til að dýpka skilning. Börn segja frá og sögur endursagðar.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Með skráningum. Einstaklingsáætlanir eru gerðar en þarf að vinna betur í þeim og endurmeta oft.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er reynt og er stefnan en það þarf að skipuleggja það betur, nota tímann betur.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Nýta tímann betur	Samverustund. Starfsmenn sem taka litla hópa	Setja inn í skipulag. Vissir starfsmenn ábyrgir	Sérkennslu-stjóri og deildarstjóri	Ágúst 2021	Maí 2022	Skráningar og endurmat	Daglega



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsmannaviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn. Það fyrra var stutt örviðtal en í seinna viðtalinu var farið meira á dýptina.

Minna var um að starfsmenn færu á námskeið á þessu skólaári en oftast áður. Þrír starfsmenn fóru á tungumálanámskeið í tengslum við þróunarvekefni Grafarvogs og Kjalarness – Viltu tala íslensku við mig. Sérkennslustjóri fór á APES námskeið og stuðningsaðili fór á Teacch námskeið. Tveir starfsmenn á Bergi eru í leikskólakennaranámi og leikskólaliðanámi.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Mikið samstarf er á milli leik- grunn og frístundarinnar á Klébergi enda sameinuð stofnun. Það eru starfsmenn sem vinna á báðum skólastigum, það gekk reyndar frekar illa í vetur vegna Covid því ekki mátti blanda hópum á tímabili. En við náðum þó smá tíma saman.

Starfsdagar leik- og grunnskólans eru allir sameiginlegir á skóladagatölunum, þrír þeirra eru einnig sameiginlegir með leik- og grunnskólum í Grafarvogi.

Við reynum að samnýta húsnæði sem mest. Leikskólabörnin fá afnot af íþróttahúsinu í hverri viku og elstu börn hafa tækifæri á að fara í sund einu sinni í viku með sundkennara. Undanfarin ár hafa elstu börnin farið í tónlistarkennslu með fyrsta bekk í grunnskólanum og farið reglulega í frístundina. Auk þess að sitja kennslustundir með fyrsta bekk á vormánuðum. Þetta gekk nú svona upp og niður þennan veturinn vegna veirunnar en við gerðum okkar besta í stöðunni.

Unglingar í Klébergsskóla geta valið leikskólann sem val í námi sínu á vissum tímabilum yfir veturinn. Þá koma þeir til okkar einu sinni í viku á sex vikna tímabili. Það var stefnan síðastliðinn vetur en gekk frekar illa eins og flest þar sem krafðist blöndunar milli hópa.

Á hverju vori sameinast elstu börnin í leikskólanum og 1. bekkur og gróðursetja tré í Barnalundinn okkar hér á Kjalarnesi. Þetta er skemmtilegt nærumhverfisverkefni og lundurinn farinn að dafna vel. Á meðan starfsemi er í leikskólanum og sumarfrístundinni fara börnin og vökva trén sem þau gróðursettu.

Útskrift elstu barna úr leikskólanum hefur farið fram í sal Klébergsskóla en þar er svið og nóg pláss fyrir alla. Aðstandendur voru þó færri í ár vegna aðstæðna en allt gekk vel og allir áttu góða stund.

Auk alls sem hér er upptalið er mikil samvinna varðandi Grænfánaverkefnið enda sama þema í báðum skólastigum og öll almenn stefnumótun sem viðkemur starfi og starfsfólki. Við erum öll saman eitt samfélag á Klébergi.



Yfirlit yfir viðburði 2021-2022

Mánuður	Viðburður	Staður	Ábyrgð
20.08 2021	Sameiginlegur starfsdagur	Kléberg	Skólastjóri og aðstoðaleikskólastjóri
September	Val Klébergsskóli	Berg	Skólastjóri og aðstoðaleikskólastjóri
September	Grænfánafundur	Klébergsskóli	Aðstoðaleikskólastjóri
September	Matarsóunarfika	Klébergsskóli og Berg	Aðstoðaleikskólastjóri
September	Útikennsla	Klébergsskóli og Berg	Deildarstjóri
September – Nón.	Sundnámskeið	Sundlaug	Deildarstjóri
Nóvember	Hrekkjavaka	Kátakot	Deildarstóri
Desember	Jólaball og föndur	Klébergsskóli	Deildarstjóri
Janúar 2022	Grænfánafundur	Klébergsskóli	Aðstoðarleikskólastjóri
Febrúar	Sundnámskeið	Sundlaug	Deildarstjóri
Febrúar	Matarsóunarfika	Klébergsskóli og Berg	Aðstoðarleikskólastjóri
Mars	Val Klébergsskóli	Berg	Aðstoðarskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Apríl	Elstu börn í Kátakot	Klébergsskóli	Deildarstjóri
Apríl	Elstu börn með fyrsta bekk	Klébergsskóli	Deildarstjóri
Maí	Gróðursetning	Barnalundur	Aðstoðaleikskólastjóri
Maí	Heimsóknir	Kléberg	Aðstoðarleikskólastjóri



8 Foreldrasamvinna

Skólaráð grunnskólans og foreldraráð leikskólans er sameinað ráð sem fundar reglulega samkvæmt starfsáætlun sem ráðið setur í upphafi skólaárs. Í foreldraráðinu sátu þrír foreldrar barna í leikskólanum. Fundir voru færri en venjulega vegna samkomutakmarkana.

Í venjulegu árferði er einn stór foreldrafundur að hausti þar sem farið er yfir helstu áherslur vetrarins. En því miður var ekki fundur í haust vegna fjöldatakmarkanna.

Í foreldrafélagi Bergs eru fjórir vaskir foreldrar. Það hafa ekki verið formlegir fundir í félaginu í vetur, meira skipst á í tölvupósti eða spjalli. Foreldrafélagið hefur verið góður stuðningur við leikskólastarfið, staðið fyrir uppákomum og gefið leikföng og hænur.



9 Leikskóladagatal 2021-2022 og skipulagsdagar (gulir)

Leikskóladagatal 2021 - 2022



AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 S Fristundagur	1 M	1 F	1 M	1 M Fyrirleiddagurinn	1 S Fyrirleiddagurinn	1 Þ	1 Þ Fyrirleiddagurinn	1 F	1 S Fyrirleiddagurinn	1 M	1 F
2 M Mikunámsdagurinn	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M Dagurinn	2 L	2 M	2 F	2 L
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F Úthafn á milli barna	3 S
4 M	4 L	4 M Starfsdagur	4 F	4 L	4 Þ	4 F Starfsdagur	4 F	4 M	4 M	4 L	4 M Mikunámsdagurinn
5 F	5 S	5 Þ Fyrirleiddagurinn	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S Mikunámsdagurinn	5 Þ
6 F	6 M	6 M Fyrirleiddagurinn	6 L	6 M	6 F Mikunámsdagurinn	6 S Dagurinn	6 S	6 M	6 F	6 M Mikunámsdagurinn	6 M
7 L	7 Þ	7 F Fyrirleiddagurinn	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M Fyrirleiddagurinn	7 F	7 L	7 Þ	7 F
8 S	8 M Dagurinn	8 F Fyrirleiddagurinn	8 M Dagurinn	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F Dagurinn	8 S	8 M	8 F
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M Starfsdagurinn	9 F	9 L
10 Þ	10 F Dagurinn	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S Mikunámsdagurinn	10 Þ	10 F	10 S
11 M	11 L	11 M Fyrirleiddagurinn	11 F	11 L	11 Þ	11 F Dagurinn	11 F Fyrirleiddagurinn	11 M	11 M	11 L	11 M
12 F	12 S	12 Þ Fyrirleiddagurinn	12 F Mikunámsdagurinn	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S Mikunámsdagurinn	12 Þ
13 F Starfsdagurinn	13 M Fyrirleiddagurinn	13 M Dagurinn	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M Fyrirleiddagurinn	13 F	13 M	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F Fyrirleiddagurinn	14 M	14 M	14 F Starfsdagurinn	14 L	14 Þ	14 F
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F Fyrirleiddagurinn	15 S	15 M	15 F
16 M	16 F Dagurinn	16 L	16 Þ Dagurinn	16 F Dagurinn	16 S Mikunámsdagurinn	16 M	16 M	16 L	16 M Fyrirleiddagurinn	16 F Fyrirleiddagurinn	16 L
17 Þ	17 F	17 S	17 M Starfsdagurinn	17 F	17 M	17 F	17 F Starfsdagurinn	17 S Fyrirleiddagurinn	17 Þ	17 F Fyrirleiddagurinn	17 S
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F Fyrirleiddagurinn	18 F	18 M Fyrirleiddagurinn	18 M	18 L	18 M
19 F	19 S	19 Þ	19 M	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ
20 F Starfsdagurinn	20 M Mikunámsdagurinn	20 M	20 L Dagurinn	20 M	20 F	20 S Fyrirleiddagurinn	20 S	20 M	20 F Fyrirleiddagurinn	20 M	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F Dagurinn	21 M	21 M Fyrirleiddagurinn	21 F Mikunámsdagurinn	21 L	21 Þ	21 F
22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 Þ Fyrirleiddagurinn	22 F Fyrirleiddagurinn	22 S	22 M	22 F
23 M	23 F	23 L Fyrirleiddagurinn	23 Þ	23 F Fyrirleiddagurinn	23 S	23 M	23 M Fyrirleiddagurinn	23 L	23 M	23 F	23 L
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F Fyrirleiddagurinn	24 M	24 F	24 F Fyrirleiddagurinn	24 S	24 Þ	24 F	24 S
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L Fyrirleiddagurinn	25 Þ	25 F	25 F Fyrirleiddagurinn	25 M	25 M	25 L	25 M
26 F	26 S Fyrirleiddagurinn	26 Þ	26 F Fyrirleiddagurinn	26 M	26 S Fyrirleiddagurinn	26 L	26 L	26 Þ	26 F Fyrirleiddagurinn	26 S	26 Þ
27 F Fyrirleiddagurinn	27 M	27 M Fyrirleiddagurinn	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M Fyrirleiddagurinn	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 Þ	29 Þ	29 S	29 M	29 F	29 L
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 S
31 Þ		31 S		31 F Fyrirleiddagurinn	31 M		31 F		31 F Fyrirleiddagurinn		31 S

10 Fylgigögn

10.1 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2021 – 2022

Leikskólinn Berg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Bergs 2020-2021 skipa:

Frantz Adolph Pétursson

Sandra Þórarinsdóttir

Sunna Birgisdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.



- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs Bergs 2020-2021:

Á leikskólanum er unnið gott og metnaðarfullt starf í samræmi við aðalnámskrá og hún höfð til hliðsjónar í markmiðasetningum beggja deilda skólans og einnig þegar leitast er við að bæta eða skerpa ákveðna þætti sem koma að starfi skólans. Jákvætt er hversu mikil áhersla er lögð á vinnu með málörvun og félagsfærni, meðvitund um umhverfi og náttúruvernd sem, skapandi greinar og samstarf milli grunnskólans Klébergsskóla og frístundarmiðstöðvarinnar Kátakots. Starfsáætlunin er vel unnin og aðgengileg. Lykilupplýsingar eins og t.d. varðandi umbótamarkmið eru sett upp í töflur sem auðvelt er að lesa úr og þægilegt er að finna þær upplýsingar sem þarf hverju sinni.

